

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Víðigrund 23. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 17. nóvember 2022 breytt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 23 við Víðigrund.

Í breytingunni felst að reist verður viðbygging á einni hæð við vesturhlíð núverandi einbýlishúss á lóðinni, alls 35 m². Nýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,28 í 0,36 við breytinguna.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. mars 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. mars 2023